

GAMAN SAMAN 18. febrúar 2019

Gaman saman hefur nú verið dagskrárliður á Eirhömrum í 6 ár, annan hvern fimmtudag yfir vetrarmánuðina.

Gaman saman er samstarfsverkefni FaMos, félagsstarfsins og Vorboða.

Gaman saman er vel sótt af íbúum Eirhamra og Hamra ásamt öðrum gestum og telst mér til að um 50-60 gestir sæki Gaman saman í hvert skipti.

Eins og frá upphafi koma við sögu leikskólabörn frá 7 leikskólum bæjarins ásamt umsjónarfólki, Skólahljómsveit Mosfellsbæjar, stjórnandi Daði Þór Einarsson, Barnakór Varmárskóla, stjórnandi Guðmundur Ómar Óskarsson, og nemendur Listaskóla Mosfellsbæjar sem Atli Guðlaugsson stýrir.

Fjöldi þeirra aðila, sem glatt hafa augu og eyru gesta í Gaman saman, eru í kringum 250 manns og þeir fá mínar bestu þakkir fyrir samvinnuna, samstarfskonum mínum til 6 ára þeim Bjarneyju Einarsdóttur og Guðríði Pálsdóttur færi ég bestu þakkir svo og öllum þeim Vorboðum sem hafa rétt okkur hjálparhönd.

Eitt verð ég að nefna en það eru leikskólastjórnarnir sem hafa með glöðu geði sett Gaman saman inn í dagskrá barnanna sem er nú orðinn fastur liður, þeir fá allir góðar kveðjur og þakkir.

Undanfarin tvö ár hefur Helgi R. Einarsson séð um undirleik og farið með vísur og gamanmál eins og honum einum er lagið, en hann fer líka inn á alla leikskóla bæjarins og lætur börnin syngja svo að þau koma vel undirbúin í Gaman saman.

Úlfhildur Geirsdóttir umsjónarmaður